

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf.**

#### **I.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf. heyrir undir kjararáð.

#### **II.**

Í framhaldi af tölvupóstsamkiptum við framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf. ákvað kjararáð með bréfi dagsettu 28. júní 2012 að taka launakjör hans til skoðunar. Jafnframt var honum tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettu sama dag var fjármálaráðuneytinu og stjórn Orkusölnunnar ehf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf.

Í bréfi framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf. dagsettu 31. júlí 2012 kemur fram að Orkusalan ehf. sé dótturfyrirtæki RARIK ohf. Með breytingu á raforkulögum sem tóku gildi í janúar 2005 hafi sala á raforku verið gefin frjál. Samkeppni hafi verið innleidd í raforkuframleiðslu og raforkusölu en flutningur frá virkjun til neytanda eftir sem áður háður sérleyfi. Við stofnun Orkusölnunnar ehf. hafi RARIK ohf. hætt framleiðslu og sölu á raforku en sjái eftir sem áður um dreifingu raforku á sínum sérleyfissvæðum. Í bréfinu segir að tilgangur Orkusölnunnar ehf. sé framleiðsla, innkaup og sala á raforku til heimila, fyrirtækja og stofnana um land allt, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Markmið Orkusölnunnar ehf. sé að vera leiðandi fyrirtæki í sölu á raforku og þjónustu við viðskiptavinum um land allt og hafi frá upphafi verið unnið með það markmið að leiðarljósi. Lögð hafi verið áhersla á að bjóða samkeppnishæft verð og framúrskarandi þjónustu til núverandi og nýrra viðskiptavina. Orkusalan ehf. starfi á almennum samkeppnismarkaði á Íslandi og sé starfssvæði fyrirtækisins allt landið. Starfsstöðvar séu í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Þá eigi Orkasalan ehf. og reki eftirtaldar virkjanir: Lagarfossvirkjun, Grímsárvirkjun, Skeiðsfossvirkjun, Rjúkandavirkjun og Smyrlabjargaárvirkjun. Heildar-

verðmæti þeirra sé um 7,5 milljarðar króna. Viðskiptavinir Orkusölnunnar ehf. séu um 30 þúsund á öllu landinu. Þeir séu í stöðugu viðskiptasambandi við fyrirtækið og fái senda mánaðarlega reikninga. Í bréfinu kemur fram að áætluð markaðshlutdeild Orkusölnunnar ehf. sé um 1/3 af almennum raforkumarkaði sem geri Orkusölnuna ehf. að öðru stærsta fyrirtæki landsins í raforkusölu á almennum markaði, rétt á eftir Orkuveitu Reykjavíkur. Þá kemur fram í bréfinu að velta Orkusölnunnar ehf. á árinu 2012 hafi verið áætluð um 4,2 milljarðar króna sem setji hana í hóp stærstu fyrirtækja landsins. Einnig kemur fram að Orkusalan ehf. hafi hafið undirbúning að byggingu Hólmsárvirkjunar en frumhönnun virkjunarinnar sé lokið og einnig mati á umhverfisáhrifum. Áætlaður kostnaður við byggingu Hólmsárvirkjunar sé um 23 milljarðar króna.

Í bréfi framkvæmdastjórans segir að framkvæmdastjóri veiti fyrirtækinu forstöðu og fylgi eftir stefnu stjórnar fyrirtækisins. Þá stjórnir hann daglegum rekstri fyrirtækisins og komi fram fyrir hönd þess í öllum málum er varði venjulegan rekstur. Hann sjái jafnframt um reikningshald og ráðningu starfsfólks. Einnig kemur fram að til að draga úr yfirbyggingu og kostnaði sinni framkvæmdastjóri einnig öðrum störfum sem séu sérstaklega mönnum hjá samkeppnisáðilum og falli ekki beint undir starfslýsingu hans. Þá hafi Orkusalan ehf. ákveðið að kaupa ýmsa vinnu sem tengist stoðþjónustu í fyrirtækinu og sé stjórnun þeirra verkefna einnig í höndum framkvæmdastjóra. Hann sé ábyrgur fyrir öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins sem og öðrum lagalegum atriðum sem framkvæmdastjórar fyrirtækja bera ábyrgð á. Megi í því sambandi benda á að framkvæmdastjóri Orkusölnunnar ehf. beri ábyrgð á innheimtu fyrirtækisins og þeim árangri sem þar næst með sama hætti og kjararáð hafi þegar úrskurðað um að greitt skuli sérstaklega fyrir hjá embættismönnum, meðal annars hjá tollstjóra. Fram kemur að framleiðsla á raforku sé afar miklvægur þáttur í starfsemi Orkusölnunnar ehf. Rekstrartruflanir í virkjunum geti því verið dýrkeyptar og mikil áhersla lögð á að komi þær upp þá vari þær eins skamman tíma og mögulegt sé. Í slíkum tilvikum hafi framkvæmdastjóri ríkar skyldur og í alvarlegri tilfellum mæti hann á staðinn svo fljótt sem verða megi. Í því sambandi verði að hafa í huga að virkjanirnar séu dreifðar vítt og breitt um landið. Það megi því með réttu halda fram að framkvæmdastjóri Orkusölnunnar ehf. sé á sífelldri bakvakt en fyrir hana hafi ekki verið greitt sérstaklega fram að þessu. Framkvæmdastjórinn segir starfið umfangsmikið, krefjandi og tímafrekt. Hann hafi helgað sig starfinu og ekki tekið að sér óskyld verkefni eða önnur launuð störf, en samkvæmt ráðningarsamningi sé honum ekki heimilt að taka þátt í eða sinna öðrum störfum án samþykkis stjórnar Orkusölnunnar ehf. Eins og áður hafi komið fram sé hafinn undirbúningur að byggingu Hólmsárvirkjunar en sú framkvæmd verði hrein viðbót við þau daglegu störf sem fyrri úrskurður kjararáðs um launakjör byggði á. Framkvæmdin muni eðli máls samkvæmt auka álag og vinnuframlag framkvæmdastjóra utan hefðbundins vinnutíma en gera megi ráð fyrir að virkjunin verði fullbúin á um fimm til sjö árum.

Framkvæmdastjórinn segir í bréfi sínu að kjararáði beri að gæta jafnræðis og samræmis við ákvarðanir sínar. Ákvarðanir verði einnig að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum og geti vart annað talist eðlilegt og sanngjarnt en að kjaraskerðingin frá árinu 2010 gangi til baka líkt og kjararáð ákvað að yrði hjá embættismönnum með úrskurði sínum frá 21. desember 2011. Einnig gerir framkvæmdastjórinn athugasemd við að laun framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf. taki mið af launum orkumálastjóra sem sé opinber starfsmaður, í stað þess að miða við fleiri framkvæmdastjóra ríkisfyrirtækja á raforkumarkaði eins og t.d. framkvæmdastjóra Orkubús Vestfjarða ohf. Í því sambandi nefnir framkvæmdastjórinn að Orkusalan ehf. verði að teljast mun umfangsmeira fyrirtæki en Orkubú Vestfjarða ohf., ársvelta Orkusölnunnar ehf. sé rúmlega tvöföld á við ársveltu Orkubús Vestfjarða ohf., eignir umtalsvert hærri, raforkuframleiðsla um þrisvar sinnum meiri og markaðshlutdeild um sex sinnum hærri. Að

auki sé starfssvæði Orkusölnunnar ohf. allt landið en ekki takmarkað við afmarkaðan landshluta.

Í svari stjórnar Orkusölnunnar ehf. dagsettu 13. ágúst 2012 segir að Orkusalan ehf. sé fyrirtæki sem starfi á almennum samkeppnismarkaði og sé tilgangur þess framleiðsla, innkaup og sala á raforku til heimila, fyrirtækja og stofnana um land allt og skyldur rekstur. Velta fyrirtækisins sé um 4,3 milljarðar króna og efnahagur um 8,7 milljarðar. Orkusalan ehf. sé starfrækt sem einkahlutafélag í samræmi við lög nr. 138/1994. Samkvæmt 2. mgr. 54. gr. laganna skuli félagisstjórn einkahlutafélags ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra. Að mati stjórnar Orkusölnunnar ehf. samræmist það illa tilgangi, rekstri og samkeppnisumhverfi fyrirtækisins að laun framkvæmdastjóra séu ákveðin af kjararáði auk þess sem slíkt sé í raun í andstöðu við framangreint ákvæði einkahlutafélagalaga. Þá kemur fram í bréfinu það mat stjórnarinnar að starf framkvæmdastjóra sé afar ólíkt flestum þeim störfum sem kjararáð ákvarði laun fyrir og því sé sú fyrirætlan að jafna launum framkvæmdastjórans við laun þeirra óskynsamleg og illa ígrunduð. Hafa verði í huga að þeir embættismenn sem kjararáð ákvarði laun fyrir njóti almennt verulegrar réttarverndar samkvæmt lögum auk þess sem lagalegar skyldur þeirra séu ólíkar skyldum framkvæmdastjóra hlutafélags og hlutverk annað. Þetta lagaumhverfi embættismanna veiti starfsöryggi sem almennt sé álitid hluti af starfskjörum. Starfsöryggi framkvæmdastjóra sé því lítið þar sem stjórn Orkusölnunnar ehf. eins og stjórnir annarra einkahlutafélaga geti hvenær sem er sagt framkvæmdastjóra upp störfum. Ennfremur sé til þess að líta að lífeyrisréttindi embættismanna séu almennt mun betri en hjá starfsmönnum hlutafélaga. Allt séu þetta atriði sem kjararáði beri að taka tillit til við ákvörðun launa, sbr. 3. og 4. mgr. 9. gr. laga um kjararáð.

Í bréfi stjórnarinnar segir að með hliðsjón af því sem fram komi í 8. gr. laga um kjararáð um innbyrðis samræmi í starfskjörum sé það mat stjórnarinnar að eðlilegt sé að bera laun framkvæmdastjóra félagsins saman við laun hjá helstu samkeppnisaðilum, þ.e. öðrum orkusölufyrirtækjum. Kjararáð hafi og virðist áfram eingöngu ætla að miða við innbyrðis samræmi í starfskjörum þeirra sem það ákveður en framkvæmdastjóri Orkusölnunnar ehf. eigi fátt sameiginlegt með þeim embættismönnum sem kjararáð ákveði laun fyrir. Rétt væri að líta til launa stjórnenda og millistjórnenda hjá fyrirtækjum á raforkumarkaði. Við slíkan samanburð verði þó alltaf að gæta að stærð viðkomandi fyrirtækis og umfangi starfs viðkomandi framkvæmdastjóra. Í þessu sambandi verði að hafa í huga að Orkusalan ehf. sé fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki sem rekið sé á samkeppnisgrundvelli en ekki með fjárframlögum frá ríkinu eins og þær stofnanir sem heyra undir kjararáð.

Að endingu segir í bréfinu að stjórnin telji óeðlilegt að fækka einingum. Gera megi ráð fyrir að vinna framkvæmdastjóra umfram dagvinnu sé að jafnaði 50 til 75 stundir á mánuði. Að auki sé ætlast til þess að framkvæmdastjóri sé ávallt til reiðu þegar á þarf að halda.

Með bréfi dagsettu 5. september 2012 fékk framkvæmdastjóri Orkusölnunnar ehf. send svör fjármálaráðuneytisins og stjórnar Orkusölnunnar ehf. til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi forstjórans dagsettu 18. september 2012 eru fyrri sjónarmið ítrekuð.

### III.

Orkusalan ehf. var stofnuð árið 2006 á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003. Samkvæmt þeim skyldi meðal annars skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Með lögnum var skilið á milli náttúrulegra einkasölupátta raforkukerfisins (flutnings og dreifingu) og þeirra þátta þar sem samkeppni yrði við komið (vinnslu og sölu). Flutningur og dreifing er sem fyrr háð einkaleyfi en samkeppni hefur verið innleidd í

raforkuvinnslu og sölu. Frá 1. janúar 2006 gátu allir valið sér þann raforkusala sem þeir vildu og var Orkusalan ehf. stofnuð það ár eins og fram hefur komið og tók til starfa í ársbyrjun 2007. Fyrirtækið selur rafmagn um allt land, starfsstöðvar eru í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Orkusalan ehf. á og rekur fimm virkjanir: Rjúkandavirkjun, Skeiðsfossvirkjun, Grímsárvirkjun, Lagarfossvirkjun og Smyrlabjargaárvirkjun og er uppsett afl um 36 MW. Starfsmenn eru um 15. Orkusalan ehf. er dótturfélag RARIK ohf.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal framkvæmdastjóra Orkusölunnar ehf. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljótast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað framkvæmdastjóra Orkusölunnar ehf. laun þann 26. apríl 2010. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áður nefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrdi undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögnum.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að einingaverð hjá framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf. hækki og verði hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Jafnframt telur kjararáð tilefni til að hækka heildarlaun framkvæmdastjórans, með tilliti til stærðar og umfangs fyrirtækisins.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf.

Laun og starfskjör framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf. skulu því vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf. vera samkvæmt launaflokki 502-137, nú 817.392 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Hafi framkvæmdastjóri Orkusölnunnar ehf. haldið bifreiðahlunnindum sínum og kjósi hann að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjórans gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson